

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald kr. 6.200

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi sem hér segir, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun:

	kr.		kr.
1. flokkur	5.000	11. flokkur	80.000
2. flokkur	10.000	12. flokkur	90.000
3. flokkur	15.000	13. flokkur	100.000
4. flokkur	20.000	14. flokkur	110.000
5. flokkur	25.000	15. flokkur	120.000
6. flokkur	30.000	16. flokkur	140.000
7. flokkur	40.000	17. flokkur	150.000
8. flokkur	50.000	18. flokkur	160.000
9. flokkur	60.000	19. flokkur	180.000
10. flokkur	70.000	20. flokkur	200.000

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

#### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald

1,0 tímagjald

og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
Starfsleyfisgjald ásamt starfsleyfisskilyrðum	1,5 tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaga annast innheimtu eftirlitsgjalda og innheimtir jafnframt önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við

birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 588/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Selfossi, 6. mars 2002.*

F.h. heilbrigðisnefndar,  
**Elsa Ingjalddóttir** framkvæmdastjóri.

#### VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Svinabú < 2000 stæði	4.	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	6.
Svinabú > 2000 stæði	8.	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	9.
Alifuglarækt < 40.000 stæði	4.	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	5.
Alifuglarækt > 40.000 stæði	8.	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	5.
Loðdýrabú	4.	Mörbræðsla og tölgarframleiðsla	4.
Hundahótel	2.	Kaldhreinsun lýsis	4.
Kattahótel	2.	Smjörlikisgerð	6.
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli i ferskvatn	6.	Mjólkurbú og ostagerð	19.
Malar- og sandnám; vikurnám	2.	Mjólkurbú	14.
Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	1.	Ostagerð	12.
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	1.	Ísgerð	11.
Saltvinnsla	5.	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	2.
Sláturhús < 50t/dag	7.	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	6.
Sláturhús > 50t/dag	10.	Framleiðsla húsdýrafóðurs	6.
Kjötvinnsla, alifuglakljóts	7.	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	1.
Kjötvinnsla, lítil	6.	Brauðverksmiðjur	17.
Kjötvinnsla, miðlungs	11.	Bakarí, lítið	4.
Kjötvinnsla, stór	17.	Bakarí, miðlungs	7.
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	7.	Bakarí, stórt	12.
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	13.	Kexverksmiðjur	11.
Kjötvinnsla með reykingu, stór	18.	Kökugerð, lítil	4.
Kjötpökkunarstöð	11.	Kökugerð, miðlungs	6.
Saltfiskverkun	5.	Kökugerð, stór	7.
Heitloftsþurrkun fiskafurða	4.	Súkkulaði- og sælgætisgerð	8.
Harðfiskverkun	4.	Framleiðsla á vörum sem koma i snertingu við matvæli	4.
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	5.	Te- og kaffiframleiðsla	4.
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	6.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	2.
Vinnsla á ferskum fiski, stór	7.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	6.
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	12.	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	7.
Fiskmjölsvinnsla	15.	Framleiðsla mjólkurdufts	8.
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá, lítil	5.	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	7.
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá, miðlungs	7.	Bjórgerð	8.
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá, stór	12.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	7.
Önnur ótalin fiskvinnsla	5.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	8.
Kartöfluvinnsla – pökkun	3.	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	15.
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	6.	Trésmíðaverkstæði með lökkun	2.
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	9.	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	2.
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	6.	Ullarþvottastöðvar	9.
Sultu- og ávaxtagrautargerð	6.	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1.
Salatgerð	6.		
Lauksteikingarverksmiðjur	5.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Litun og bleiking < 10 tonn á dag	10.	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	4.
Leðurvinnsla	2.	Bifreiðasprautun	1.
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtree o.þ.h.	8.	Bifreiðaréttingar	2.
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	1.	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	2.
Prentun dagblaða	8.	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	3.
Offsett- og hæðarprentun	5.	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	4.
Sáldprentun	5.	Bilapartasölur	4.
Prentiðnaður, litill	3.	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	4.
Prentiðnaður, miðlungs	3.	Bensínstöðvar án matvöru	5.
Prentiðnaður, stór	7.	Bensínstöðvar með matvöru	7.
Prentiðnaður með framköllun	3.	Bensínstöðvar með veitingasölu	9.
Prentsmíð	3.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	4.
Framleiðsla á iðnaðargasi	2.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	5.
Garðaúðun	3.	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	7.
Málningarverksmiðjur	10.	Heildverslun með sykurlaði og sælgæti	6.
Lyfjagerð	2.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	4.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	5.
Snyrtivöruframleiðsla	2.	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	7.
Gúmmivinnsla	2.	Heildverslun með hreingeringarefni	9.
Framl. á plötum og rörum úr plasti	4.	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	9.
Plastiðnaður	6.	Heildverslun með snyrtivöru	9.
Framleiðsla á umbúðaplasti	4.	Heildverslun með eiturfefni og hættuleg efni	3.
Framleiðsla á glerplötum	1.	Niðurrif bifreiða	2.
Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	2.	Móttaka brotamálm	15.
Framleiðsla gleriláta	1.	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	2.
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtakofns < 4 m <sup>3</sup>	4.	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , með matvælavinnslu	20.
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	3.	Stórmarkaðir > 400 m <sup>2</sup> , án matvælavinnslu	11.
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	5.	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	5.
Steinsmíði	1.	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	6.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	3.	Matvöruverslun með vinnslu, stór	12.
Málmsteypa < 20 tonn á dag	13.	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	4.
Meðferð og húðun málma	3.	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	4.
Blikksmíði	2.	Matvöruverslun án vinnslu, stór	9.
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	2.	Söluturnar án óvarinna matvæla	2.
Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði	2.	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	2.
Vélsmiða- og vélavíðgerðaverkstæði	4.	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	5.
Kælitæki, víðgerðir og nýsmíði	3.	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	6.
Rafvélaverkstæði	2.	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	5.
Stálsmíði og stálskipagerð	6.	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	6.
Víðhald, niðurrif skipa og flotkvíar	6.	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	7.
Húsgagnaiðnaður með lökkun	1.	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	4.
Endurvinnsla úrgangs	3.	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	5.
Spennistöðvar, litlar	2.	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	6.
Spennistöðvar, aðal	5.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	4.
Spennavíðgerðir	5.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	5.
Vatnsveitur 5001 - 10000 íbúa	20.	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	6.
Vatnsveitur 1001 - 5000 íbúa	15.	Áfengisverslun	3.
Vatnsveitur 501 - 1000 íbúa	13.	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	6.
Vatnsveitur 150 - 500 íbúa	5.	Apótek, stór	3.
Vatnsveitur < 150 íbúa	2.	Snyrtivöruverslun	1.
Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði, lítið	2.	Byggingavöruverslanir, stórar	9.
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	2.	Byggingavöruverslanir, litlar	4.
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	3.	Járnvöruverslanir	4.
Ryðvarnarverkstæði	5.	Málningar- og veggfóðurverslun	4.
Smurstöðvar	3.		
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	2.		
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	3.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Málningavörverslanir	3.	Gasbirgðastöðvar með < 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	2.
Gæluðýraverslun	1.	Vöruflutningamiðstöðvar	2.
Véla- og tækjasölur	4.	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	8.
Varahlutaverslanir ekki bíla	4.	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	5.
Smásala efna í flokkum X, A og B	4.	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	3.
Sala eiturefna og hættulegra efna	8.	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	3.
Smásala með notaða muni í verslunum	4.	Ljósmyndastofur með framköllun	3.
Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið	4.	Fangelsi, lítið	6.
Hótel með veitingasölu, lítið	5.	Fangelsi, miðlungs	7.
Hótel með veitingasölu, miðlungs	10.	Fangelsi, stórt	14.
Hótel með veitingasölu, stórt	12.	Æfingarsvæði slökkviliðs	1.
Gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	3.	Grunnskólar án mótuneytis	3.
Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	5.	Grunnskólar með móttökueldhúsi	7.
Gistiheimili án veitingasölu, stórt	6.	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	7.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, heilsársnotkun	7.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mótuneytis	3.
Fjallaskálar, farfuglaheimili, sumarnotkun	3.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	6.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	1.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	7.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	2.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mótuneytis	3.
Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	5.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	6.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	6.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	7.
Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	2.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	7.
Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhús m/veitingum	7.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	7.
Matsölustaðir, litlir	5.	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám í matvælavinnslu	8.
Matsölustaðir, miðlungs	6.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	3.
Matsölustaðir, stórir	10.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	6.
Skyndibitastaðir, litlir	5.	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	7.
Skyndibitastaðir, miðlungs	7.	Ókusólur, flugsólur o.fl.	1.
Skyndibitastaðir, stórir	8.	Tónlistarskólur	2.
Matsöluvagnar	5.	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	1.
Brauðstofur	6.	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	3.
Skemmtistaðir með matsölu	9.	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	6.
Skemmtistaðir án matsölu	2.	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	9.
Kaffihús, smurt brauð	5.	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	3.
Krár, kaffihús með matsölu	7.	Endurhæfing	2.
Krár, kaffihús án matsölu	4.	Endurhæfing með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt	12.
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	2.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, litil/án mótuneytis	3.
Samkomusalir með móttökueldhúsi	3.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	7.
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	7.	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	7.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	5.	Vistheimili, litil	3.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	6.	Áfengismeðferð	3.
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	7.	Heilsugæslustöðvar	3.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	2.	Læknastofur	1.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	5.	Læknahús með aðgerðarstofum	3.
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	6.	Tannlæknastofur	3.
Sala á tilbúnum mat, litil	5.	Tannsmíðar	2.
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6.	Sjúkraþjálfun	2.
Sala á tilbúnum mat, stór	10.	Rannsóknarstofur í læknisfræði	2.
Bið- og endastöðvar áætlanarþjónusta	1.		
Biðstöðvar leigubifreiða	1.		
Vörugeymslur, litlar	2.		
Vörugeymslur, miðlungs	4.		
Vörugeymslur, stórar	5.		
Fyrirtæki sem geyma klórgas	1.		
Kæli- og frystigeymslur	3.		
Gasbirgðastöðvar með > 100 m <sup>3</sup> geymslurými (STP)	5.		

Heiti atvinnugreinar	Flokkur	Heiti atvinnugreinar	Flokkur
Röntgenstofur	2.	Sorpförgun, flokkun og vinnsla	10.
Fótaaðgerðarstofur	2.	Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana	4.
Kirópraktor	1.	Kirkjur	1.
Yogastofur, heilun o.fl.	1.	Kvikmyndahús	3.
Húðflúrstofur	4.	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	1.
Húðgötun	4.	Leikhús með móttökueldhúsi	3.
Dýralæknastofur án röntgen	2.	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	6.
Dýralæknastofur með röntgen	2.	Dansskólar	1.
Dýraspítalar	3.	Húsdyragarðar	4.
Heimili fyrir börn og unglina	2.	Sundstaðir, litlir	6.
Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	5.	Sundstaðir, miðlungs	13.
Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	3.	Sundstaðir, stórir	16.
Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	6.	Íþróttahús, lítil	2.
Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhús	2.	Íþróttahús, miðlungs	3.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	4.	Íþróttahús, stór	6.
Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	4.	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggt	16.
Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	5.	Íþróttavellir	1.
Dagmómmur með > 6 börn	1.	Skiðaskálar, skiðasvæði	4.
Leikskólar með móttökueldhúsi	5.	Hestahald, tamningar, stóðhestahús	3.
Leikskólar með fullbúið eldhús	7.	Skotvellir	2.
Gæsluvellir	2.	Þvottahús og efnalaugar	3.
Skóladagheimili, fullbúið eldhús	4.	Þvottahús	2.
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	3.	Efnalaugar	3.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	5.	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	2.
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	7.	Hárgreiðslu- og rakarastofur	2.
Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 p.e.	2.	Snyrtistofur	2.
Skólphreinsistöðvar > 10.000 p.e. og afrennsli til strandsjávar eða > 2000	9.	Baðhús	2.
Aðrar skólphreinsistöðvar	5.	Líkbrennslur	1.
Gámastöð	4.	Líkamsræktarstöðvar, litlar	2.
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4.	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	5.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru og ristarúrgangi	2.	Líkamsræktarstöðvar, stórar	5.
Sorpflytningar og sorphirða	5.	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	5.
		Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	6.
		Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	6.
		Sólbaðstofur án heitra potta	2.
		Sólbaðstofur með heitum pottum	5.
		Nuddstofur	2.